

innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv. skal staðsetning þess ákveðin með samþykki rafveitunnar í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæði — uppsteypt hús — er lagt rafveitunni til að kostnaðarlausu, en hún sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

Óski húseigandi eftir, að heimitaug verði breytt úr 1-fasa heimitaug eða flutningsgeta jarðstrengsheimitaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytingarnar samkv. kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimitaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimitaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduopnun kr. 358,00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 358,00 á skrifstofu rafveitunnar.

Söluskattur 25% er talinn með í upphæð gjalda þeirra sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar, nema í taxa D—1.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, öðlast gildi 4. ágúst 1987, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 365, 4. ágúst 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 20, 21. janúar 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 24. ágúst 1987.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Siglufjarðar.

I. RAFORKA

1. Lýsing.

1.1 Orka til almennrar lýsingar kr. 5,00 á kWst.

2. Heimilisnotkun.

2.1 Orka til almennrar heimilisnotkunar svo og sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana kr. 5,00 á kWst.

3. Vélanotkun.

3.1 Orka til véla og mannvirkjagerðar	kr.	5,00 á kWst.
3.2 Orka samkv. 15 mínútna meðalafismælingu, lágmark 20 kW	kr.	1,60 á kWst.
Aflgjald með lýsingu	kr.	7 314,00 kW/á ári
3.3 Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa og kaupandinn skuldbindur sig til að kaupa 20 000 kWst. á ári hið minnsta, má selja orkuna um kWst.-mæli þannig:		
Fyrir fyrstu 20 000 kWst. ársnotkun	kr.	5,00 á kWst.
Fyrir næstu 80 000 kWst. ársnotkun	kr.	3,78 á kWst.
Fyrir umfr. 100 000 kWst. ársnotkun	kr.	3,46 á kWst.

4. Hitun.

4.1 Orka til íbúðarhúshitunar, roftími $2 \times 1,5$ klst. á dag	kr.	1,28 á kWst.
4.2 Orka til atvinnuhúshitunar, roftími $2 \times 2,5$ klst. á dag	kr.	1,72 á kWst.
4.3 Orka til hitunar í iðnaði, roftími $2 \times 1,5$ klst. á dag	kr.	2,15 á kWst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til upphitunar:

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að tæki, lagnir og búnaður í sambandi við rafmagnsupphitun sé samkvæmt fyrir mælum rafveitunnar.
- Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitunina, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafveitan setur um einangrun.

II. HEIMTAUGAGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við veituna, skal greiða heimtaugargjald sem miðast við flutningsgetu raftaugar þeirrar sem að húsinu liggur, svo sem hér segir:

Heimtaugagjöld	Heimtaugagj.	Yfirl.gj. kr/m
63 A 1-fasa	kr. 23 275,00	1 323,00
63 A 3-fasa	kr. 23 275,00	1 323,00
100 A 3-fasa	kr. 31 695,00	1 495,00
125 A 3-fasa	kr. 38 753,00	1 707,00
200 A 3-fasa	kr. 51 133,00	2 314,00
300 A 3-fasa	kr. 88 403,00	2 685,00

Yfirlengdargjald greiðist þegar lengd heimtaugar fer fram úr 15 m. Lengd jarðstrengs mælist frá lóðarmörkum húss. Ef heimtaugin krefst óvenjumikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem nýrrar spennistöðvar, nýrra aflstrengja eða annars búnaðar, verða gjöldin ákveðin af rafveitustjórn í hverju tilviki. Ef lögð er fleiri en ein heimtaug að húsi, greiðir húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi. Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugagjöld, greiði aðeins hálf heimtaugargjald, ef loftlínu er breytt í jarðstreng.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga þegar uppsetningu er lokið og áður en straumur er settur á heimtaugina.

III. OPNUNARGJALD

Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari ekki verið greitt svo að til lokunar veitu hafi komið skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 223,00. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduroppnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 223,00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

IV. SÖLUSKATTUR

Söluskattur 25% er með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar nema gjaldalið 4.1 og 4.2, sem er sala raforku til upphitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 4. ágúst 1987, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 365, 4. ágúst 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 149, 26. mars 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 24. ágúst 1987.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Húsavíkur.

Raforkuverð — Yfirlit

A — Almennir taxtar.

A.1	Verð á rafmagni til allrar almennrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:	
	Orkugjald	5,42 kr/kWh
	Fast gjald 1 fasa	1 328,00 kr/ár
A.2	Verð á raforku til heimilisnotkunar	
	Orkugjald	4,44 kr/kWh
	Fast gjald 1 fasa	1 328,00 kr/ár
A.3	Verð á raforku til mannvirkjagerðar	
	Orkugjald	7,20 kr/kWh
	Fast gjald 1 fasa	2 260,00 kr/ár

B — Afltaxtar.

B.1	Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar.	
	Fastagjald	25 454,00 kr/ár
	Orkugjald	1,62 kr/kWh
	Aflgjald	6 363,00 kr/ár/kWh
	Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. afl, enda sé lágmarksafli 30 kW. Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni. Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki rafveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni.	

C — Hitun.

C.1	Verð á raforku til órofinnar hitunar.	
	Orkugjald	2,94 kr/kWh
	Fast gjald	3 985,00 kr/ár